



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2005

Tilvísun: UST20050200033/bs

Norðausturvegur um Laxá hjá Laxamýri. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Um er að ræða gerð nýs vegar og brúar um Laxá hjá Laxamýri samtals um 1,6 km að lengd. Framkvæmdin er innan þess svæðis sem nýtur verndar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár. En þau lög eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Inngangur:

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði vikur að mati Vegagerðarinnar óverulega frá núverandi vegsvæði sem hefur þegar verið raskað. Er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á gróðurfar og dýralíf verði því lítil. Á teikningu 2 sést að aðallega er vikið frá núverandi vegi frá stöð 700 til stöðvar 1500.

Bogaundirstöður verða framan í bökkum árinna og eini varanlegi hluti brúarinnar í farvegi árinna. Hér er um 6 m breiðar undirstöður að ræða á hvorum bakka. Hugsanlega þarf að reisa bráðabirgðaundirstöður í ánni vegna uppsláttar fyrir steypumót. Ef raska þarf botni árinna verður miðað við að framkvæmdir í ánni verði utan veiði- og hrygningartíma. Með því móti er hægt að draga úr tímabundnum áhrifum vegna undirstaða fyrir steypumót og grundunar bogaundirstaða.



Efni til verksins verður tekið úr opnum námum í landi Prestshvamms í Aðaldal og Þverár í Reykjahverfi. Framkvæmdaraðili ráðgerir að hafa samráð við Umhverfisstofnun áður en framkvæmdir hefjast og á framkvæmdartíma. Vegagerðin leggur til að núverandi brú yfir Laxá verði látin standa. Umhverfisstofnun hefur áður bent á nauðsyn þess að tryggt sé að aflögðum mannvirkjum sé sinnt þannig að þau verði ekki til lýta sökum vanhírðu. Ekki kemur fram í skýrslu Vegagerðarinnar hver muni sinna viðhaldi núverandi brúar í framtíðinni. Vegagerðin leggur hér til að ný brú verði gerð 25 metrum norðan við núverandi brú. Umhverfisstofnun vill varpa fram þeirri spurningu hvort hugsanlegt sé að nálægð brúnna spilli því hvernig menn upplifa þessi mannvirki í umhverfi sínu og rýri í raun gildi beggja þeirra mannvirkja sem hér um ræðir.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, en bendir á að umrædd framkvæmd er innan þess svæðis sem verndað er skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár og þarf því að leita leyfis stofnunarinnar til vega- og brúargerðar á fyrnefndu svæði.

Umhverfisstofnun vill benda á að þrátt fyrir að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum áskilur stofnunin sér allan rétt til að gera athugasemdir við tilhögun brúar- og vegaframkvæmdirnar á seinni stigum málsins þegar afstaða verður tekin til leyfisveitingar. Vill stofnunin m.a. benda á að nauðsynlegt er að vandað verði til landmótunar á svæðinu öllu þ.m.t. milli árinna og landstöpla þannig að bogaundirstöður falli sem best að bökkum árinna. Að sérstaklega þurfi að skoða framkvæmdartíma með tilliti til lífríkis í ánni svo sem vegna veiði- og hrygningartíma og niðurgönguseiða. Að kannað verði hvort sú brú sem fyrirhugað er að byggja njóti sín betur með eða án núverandi brúar bæði með tilliti til sjónrænna áhrifa og röskunar á landi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Helgi Jónsson

Forstöðumaður